# Fundur stjórnar AKÍS
# Fundargerð

**Staður og tími:** Engjavegur 6 og Zoom - 21. júní  2022 kl. 17:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Baldvin Hansson (BH) á Engjavegi, Halldór Jóhannsson (HJ) og Halldór Viðar Hauksson (HVH) á Zoom, .
**Mættir varamenn**: Sigurjón Andersen (SA) á Engjavegi.

**Fjarverandi:**  Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) aðalmaður, Sigfús B Sverrisson (SBS) og Jóhann Egilsson (JE) varamenn.
Fundinn sat einnig  Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.
AS ritaði fundargerð.

---

1. **Samstarf innan stjórnar**
   Samningur við sattaleidin.is, Lilju Bjarnadóttur, lagður fyrir. Í atkvæðagreiðslu var fellt að nýta þá þjónustu sem samningurinn gengur út á.
   Gerð var athugasemd við að búið væri að stofna til fjárskuldbindinga án samráðs við stjórnina.

   Í framhaldinu var rætt um fundarsköp og trúnað um málefni og umræður sem fram fara á stjórnarfundum.

2. **Önnur mál**
   - Jóhann Egilsson hefur tilkynnt með tölvupósti til skrifstofu sambandsins að hann sé hættur í stjórninni.
   - HH gerði athugasemd við að lítið væri af fréttum um viðburði á www.akis.is, t.d. Bíladögum.
   - AS sagði frá að ekkert hefði verið unnið í endurskoðun á reglum um fjarfundi eins og ákveðið var að gera á fundi 19. maí.
   - Sigurjóni Andersen var þakkað fyrir milligöngu við að útvega sambandinu skrifborð og skápa á skrifstofuna, án endurgjalds.

**Næsti stjórnarfundur verður 5. júlí kl. 18:00.**

**Fundi slitið kl. 17.42**